


Anna Lísu Guðmundsdóttir

Fornleifaskráning Úlfarsárdals



Reykjavík 2017

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 187

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Anna Lía Guðmundsdóttir

Kortavinnsla í fornleifaskrá: Anna Lía Guðmundsdóttir.

Mynd á forsíðu: Deiliskipulagssvæði í Úlfarsárdal, grunnur úr Landsupplýsingar kerfi Reykjavíkur.


Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 187
Reykjavík 2017
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Saga Úlfarsár	4
2. Saga Lambhaga - 181178-259.....	9
3 Úlfarsárdalur á hernámsárunum	13
4. Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	14
5. Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja.....	16
6. Örnefni og landmerki	18
7. Skrá yfir fornleifar og yngri minjar	19
Úlfarsá 258 – 2	20
Úlfarsá 258 – 11	21
Úlfarsá 258 – 12	22
Úlfarsá 258 – 13	23
Úlfarsá 258 – 14	25
Úlfarsá 258 –27	25
Úlfarsá 258 –42	27
Úlfarsá 258 –44	28
Úlfarsá 258 –49	29
Úlfarsá 258 –51	29
Úlfarsá 258 –52	30
Úlfarsá 258 –53	31
Úlfarsá 258 –54	31
Úlfarsá 258 –55	32
Úlfarsá 258 –56	32
Úlfarsá 258 –57	33
Úlfarsá 258 –58	33
Úlfarsá 258 –59	34
Úlfarsá 258 –61	34
8. Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	35
Heimildarskrá	36

Formáli

Hér á eftir fer fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi Úlfarsárdals sem nær yfir hluta jarðanna Úlfarsár og Lambhaga eða það svæði sem nú telst til íbúðahverfisins Úlfarsárdals, sjá mynd 1. Fornleifaskráin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna stækkunar og endurskoðunar á eldra deiliskipulagi. Hverfið er að stórum hluta uppbyggt en verður nú stækkað norður fyrir Úlfarsfellsveg/ Skygnisbraut og nær nú yfir stóran hluta af Leirtjörn. Fornleifaskráning fyrir hverfið var unnin árið 2004 en er nú uppfærð við stækkun hverfisins.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins á loftmyndum frá árinu 2017. Jarðirnar Lambhagi og Úlfarsá í Úlfarsárdal í Reykjavík.¹

¹ Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 20. des 2017.

Íbúðahverfið í Úlfarsárdal nær yfir hluta af landi sem áður tilheyrði tveimur jörðum þ.e.a.s Lambhaga og Úlfarsá. Fornleifar á þessum jörðum hafa verið skráðar nokkrum sinnum. Fyrst var Úlfarsá skráð af Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi á Þjóðminjasafni Íslands á árunum 1980-1982, þessi skrá var síðan endurskoðuð vegna aðalskipulags Mosfellsbæjar um árið 2000 og síðan gefin út árið 2006². Árið 2001 var saga jarðarinnar skrifuð af Gunnari Bollasyni sagnfræðingi. Árið 2004 var jörðin skráð aftur og saga hennar endurskrifuð af Sólborgu Unu Pálsdóttur fornleifafræðing en skýrslan var ekki gefin út. Þá voru fornleifar jarðarinnar skráðar af Ómari Smára Ármannssyni árið 2006 sem nemandaverkefni á námskeiði í fornleifaskráningu í Háskóla Íslands.

Saga og fornleifar í Lambhaga voru skráðar af Sólborgu Unu Pálsdóttur árið 2004³ sem byggði að hluta til á Fornleifaskrá Reykjavíkur frá 1995.⁴

Í þessari úttekt á fornleifum hefur verið bætt við sögu jarðanna og farið yfir allar fyrri fornleifaskráningar, þær uppfærðar út frá núverandi ástandi þeirra og nýjum skráningum bætt við.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.⁵ Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.⁶ Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...*húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.*“⁷

Fornleifaskráning er nauðsynleg forsenda þess að geta verndað fornleifar, skráningin kemur í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar, því er mikilvægt er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifar.⁸ Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir sléttuðu yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar „auknar kröfur um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum.“⁹

Des. 2017,

María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

² Agnes Stefánsdóttir og fl.: *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands, 2006.

³ Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Lambhaga í Reykjavík, 2004*.

⁴ Bjarni F. Einarsson, *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*.

⁵ *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁶ *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*, 1. kafli, 3. gr. og 7. kafli, 29. gr.


⁷ *Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012*, 7. kafli, 30. gr.

⁸ Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa. Sótt 22. maí 2015.

⁹ Skráningarstaðlar fornleifa, bls. 2. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar. Sótt 22. maí 2015.

1. Saga Úlfarsár - 123799-258

Úlfarsá telst vera hluti af víðáttumiklu landnámi Ingólfs Arnarsonar en hann nam land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá. Samkvæmt þessu hefur landnám Ingólfs náð yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu, ef frá er talið svæðið sem liggur milli Brynjudalsár og Botnsár, og Árnassýslu vestan við Ölfusá.¹⁰ Ingólfur gaf svo vinum og vandamönnum er síðar komu hluta af landnámi sínu.¹¹ Svæðið sem jörðin Úlfarsá tilheyrir var því síðar land Þórðar skeggja Hrapppsonar en hann hafði fyrst numið land austur í Lóni og búið þar í um tíu ár. Þegar Þórður skeggi frétti að öndvegissúlur hans hafði rekið á land í Leiruvogi seldi hann land sitt Úlfjóti sem þekktur var fyrir að hafa komið með lögin til Íslands. Þórður flutti svo suður og settist að, með ráði Ingólfs, á svæðinu milli Úlfarsár og Leiruvogs.¹²



Mynd 2. Kort frá 1909 sem sýnir staðsetningu bæja í Úlfarsárdal auk slóða og vagnavega. Samsett mynd úr tveimur kortum.¹³

Við siðbreytinguna urðu þær jarðir sem áður höfðu tilheyrt kirkjunni eign konungs. Úlfarsá er ekki að finna í fígotareikningum, jarðaskiptabréfum né jarðaskrá kirkjunnar frá miðöldum. Jarðarinnar er fyrst getið í jarðabók 1584 og þá undir nafninu Kálfastaðakot og telst jörðin þá vera konungseign. En hvernig má það vera? Ólafur Lárusson hefur komið með skýringu á þessu. Hann taldi víst að jörðin hafi farið undir konung á árunum 1552-1584. Flestar jarðirnar í kringum Kálfakot tilheyrðu Viðeyjarklaustri á miðöldum og því nokkuð líklegt að það hafi einnig átt við Kálfakot. Ólafur bendir á að algengt hafi verið að bæjarnöfn fengju endinguna – kot við það að leggjast í eyði. Jörðin hafi því áður heitið Kálfastaðir en það gæti verið afbökun úr enn eldra nafni, Kálfarrstaðir sem sé þá dregið af karlmannsnafninu Kálfarr. Hannes Þorsteinsson gerði nafn jarðarinnar einnig að umtalsefni í skrifum sínum um 1923. Hann benti á að jörðin nefnist Kálfastaðakot í jarðabókum frá 1639 og 1696 “og getur vel

¹⁰ Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, 8.

¹¹ Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, 9.

¹² Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, 16.

¹³ LÍ: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 Reykjavík N.A. og Mosfellsheiði 37 Hengill N.V. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

verið, að það sé upphaflega heitið, kennt við einhverja Kálfa(r)sstaði (eða Kálfsstaði), en nafnið horfið fyrir ævalöngu og Kálfakot komið í staðinn, sem heiti jarðarinnar.”¹⁴ Ólafur Lárusson taldi sennilegt að Kálfastaðir hafi lagst við nágrannajörðina Lambhaga þegar jörðin fór í eyði. Lambhagi tilheyrði Viðeyjarklaustri og fór svo undir konung og þannig hafi Kálfakot komist undir konungshendur. Þegar jörðin var aftur byggð þá var það undir nafninu Kálfastaðakot. Upp úr 1590 er farið að nefna jörðina Kálfakot og árið 1925 er jörðin nefnd Úlfarsá, þá átti hana Sigurjón Einarsson.¹⁵

Samkvæmt jarðabókinni 1704 var jörðin þá konungseign. Ábúendur voru tveir, Salbjörg Gunnlaugsdóttir sem bjó á helmingi jarðar og Einar Sveinbjörnsson sem bjó á hinum helmingnum. Landskuld af allri jörðinni voru xl álnir og skiptist til helminga á milli ábúenda. Landskuld skyldi borgast í fríðu með sama taxta og gildi um Helliskot.¹⁶ Ábúendur skyldu leggja fram við til húsabóta. Kúgildi voru þrjú, eitt og hálf hjá hvorum ábúanda. Leigur skyldu borgast í smjöri heim til Bessastaða eða í Viðey eftir því sem fyrirmæli voru. Ábúendum bar að yngja upp kúgildin. Á jörðinni voru sömu kvaðir og á Reynisvatni nema hvað hestlán varðar en hestlán höfðu ekki verið á kvöð á jörðinni þar sem ábúendur voru svo fátækir að þeir áttu annað hvort engan hest eða einn og þá „litt eður ekki færan, og fóður minnst menn ei að verið hafi kýr að fullu“. Engjar voru taldar „ærið“ litlar, útigangur lakur og landþröng mikil. Kvikfénaður Salbjargar voru tvær kýr en Einar var með fjórar kýr, eina kvígu veturgamla, einn hest, sjö ær með lömbum, tvær geldar ær, tvo veturgamla sauði og einn tvævetur. Talið var að á allri jörðinni gætu fóðrast sex kýr, 10 lömb og einn hestur. Tveir voru til heimilis hjá Salbjörgu og þrír hjá Einari. Torfskurður til húsagjörðar og eldiviðar var talinn nægilegur.¹⁷

Árið 1882 var jörðin í eigu Jóns Péturssonar „háyfirdómara“ og Tómasar Hallgrímssonar „læknaskólakennara“ sem bendir til þess að þá hafi eigendur ekki búið á sjálfir jörðinni allt árið. Árið 1909 þegar Herforingjaráðskortið var gert af svæðinu (sjá mynd 2), er Úlfarsáin nefnd Korpúlfsstaðaá og Úlfarsfell Hamrafell. Frá Vesturlandsvegi sem þá var orðinn vagnavegur liggja tveir vegir inn Úlfarsárdalinn að norðan, en við Lambhaga greinast þeir í tvær leiðir, önnur fer upp að hryggnum sunnan við Leirtjörn að Úlfarsfelli og áfram að Reykjarkoti og Syðri-Reykjum, en neðri leiðin fer beint að Kálfakoti.

Samkvæmt manntali frá árinu 1703 til 1920 bjuggu í Kálfakoti ein til tvær fjölskyldur frá 1703 til 1920, fæst fimm manneskjur en flest níttján.¹⁸

Túnakort var gert af jörðinni Kálfakot árið 1916, af Vigfúsi Guðmundsyni frá Keldum, sjá mynd 3.¹⁹ Aðalbærinn er á miðju kortinu undir „Fellinu“ og samanstendur hann af sjö húsum sem hafa verið torfhús með standþili og snúa þau suður. Á hlaðinu eru auk þess tveir stórir kálgarðar, bæjartröðin lá í austur frá bænum. Norðaustur af bænum í Fellinu hefur verið annar bústaður, tvö hús og annað þá greinilega orðið tóft, en við það var lítill kálgarður. Austur af bænum voru tvö útihús og hefur anað þeirra verið tóft. Suður af bænum neðst í túninu hefur verið lítið timburhús, þar suður af var skeifulaga skjólgarður og lítill kálgarður. Í athugasemdum við kortið kemur fram að timburhúsið neðst í túninu hafi verið byggt til íbúðar

¹⁴ Ólafur Lárusson: „Árland“, 192-194.

¹⁵ Bréf Matthíasar Þórðarsonar 3.jan. 1954 til Örnefnanefndar. Ábók Hins íslenska fornleifafélags 53. árg.1954, 71 og Vísir 10. júlí 1925.


¹⁶ Um landskuld Helliskots segir: „Landskuld betalast í fríðu, og er ær með lambi, hvörsu góð sem hún er, ekki tekin meir en fyrir xvijj alin og jafnan uppbætt með v fiskum, en geldir sauðir ávalt eftir dönskum taxta, og fylgri þó hvörjum sauð hans ull, sem heimt er sjer í lagi, ef sauðurinn er rúður fyr en afhentur. Segja menn að þessi uppbót ofan á ásauð hafi fyr aldrei heimt nje goldin verið, fyr en Torfi Erlendsson, sem sýslumaður var í Arnessýslu, úttók landskuldir hjer í sveit vegna Bessastaðamanna, en síðan hafi jafnan þetta álag heimt verið.“ Heimild: Árni Magnússon og Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, 288.

¹⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, 293-294.

¹⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, sótt 21.5.2015.

¹⁹ ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916.

(Margrét Zoega) árið 191?, og rífið aftur (Jón Kr.) 1917 og selt til Reykjavíkur. Jaðar túnsins er markaður en einungis hefur verið hlaðinn túngarður frá Gili í austur að bústaðnum en þar hefur tekið við girðing. Í Gilinu hefur verið girðing eða aðhald. Túnið telst vera 3,2 teigar (hektarar) og er um helmingur sléttaður nýlega og kálgarðar hafa verið um 950 m².



Mynd 3. Túnakort Kálfakots/Úlfarsár frá árinu 1916 teiknað af Vigfúsi Guðmundssyni frá Keldum.²⁰

Á árunum 1915-17 bjó Margrét Zoëga í Kálfakoti, en hún flutti þangað í kjölfar brunans á Hótel Reykjavík, en hún var þá orðið ekkja (Einar Zoëga). Margrét átti þá tvær jarðir, Einarstaði á Grímstaðholti og Kálfakot. Sjálf ræktaði hún garðávexti að Einarstöðum en hafði ráðsmann í Kálfakoti. Margrétt lét byggja lítið timburhús fyrir sig í túnfætinum á Kálfakoti trúlega árið 1915, en þar var síðar reist steinhús á Úlfarsá (1930). Árið 1918 reisti Margrét Zoëga síðan húsið Þrúðvangur við Laufásveg 7 og flutti þangað í kjölfarið.²¹


Í framhaldi eignast Jón Kristjánsson prófessor í Reykjavík jörðina árið 1918 og lætur hann rífa hús Margrétar og selur það til Reykjavíkur.²² Hann var stórhuga í búskapnum, og árið 1918 lét hann þurrka upp tjörn fyrir utan og ofan bæinn (*Leirtjörn*), sem var 18 dagsláttur að stærð. Þar ætlaði hann, ef honum hefði enst aldur til, að sá í hana höfrum. Að meðaltali fengust 18 hestar af hafragras af dagsláttunni hér á landi þá. Auk þess byggði hann, ásamt eiganda Reynisvatns, vatnsveitugarða og ætluðu þeir að veita Úlfarsá yfir allar engjarnar, sem liggja með fram henni.²³

²⁰ ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916. Þó að kortið sé merkt árinu 1916 eru inn á því upplýsingar frá árinu 1917.

²¹ ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916 og *Skólablaðið* (MR), bls. 139, 01.04.1964.

²² ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916. Þó að kortið sé merkt árinu 1916 eru inn á því upplýsingar frá árinu 1917.

²³ *Vísir* 17.05.1919, bls. 2. Jörðin Kálfakot.



Mynd 4. Túnakorti Kálfakots frá 1916 varpað á loftmyndir frá árinu 2017 og fornleifarnar merktar inn.²⁴

Í Fasteignamatsbók Kjósarsýslu frá 1918 er jörðin nefnd Kálfá en svo innan sviga (=rkot) þannig að bæði nöfnin hafa verið þekkt á þeim tíma. Að auki hefur nafninu Úlfarsá verið bætt við fyrir aftan og er það líklega gert árið 1930, þegar athugasemdum var bætt inn í bókina. Í matsbókinni kemur fram að jörðin sé norðanvert í Úlfarsdalnum, um 11 km frá Reykjavík, eigandi og notandi sé Jón Kristjánsson. Jörðin er skattsett 200 krónur. Svo virðist sem enginn búi á jörðinni á veturna. Tún voru 3,2 teigar, hölluðu til suðurs og tæplega helmingur var sléttaður og taða var um 130 hestburðir. Sáðreitir voru 800 m² og uppskeran um 12-15 tonn. Miðað við stærð sáðreita hefur þetta verið lítill hluti af Leirtjörninni sem sáð var í. Útslægjur voru taldar fremur þýfðar en nokkuð samfelldar og mest var af þeim að hafa um 300 hestburði. Land var ekki mikið, og fremur rýrt, sunnan í Úlfarsfelli. Tún var girt á tvo vegu, mest var notast við þriggja strengja vír en restin var grjótgardur. Aðrir kostir eða ókostir voru „varla teljandi“ en mótak talið samilegt, vatnsból gott, byggingarefni lélegt og „hægt um tún útfærslu“. Bent er á að foss sé í ánni á merkjum og mögulegt væri að veita á slægjublett. Árið 1918 er engin áhöfn á jörðinni um veturinn en talið að hún fódri þrjár kýr og einn vetrung, þrjú hross og 100 fjár. Hvað húsakost varðar var hann metinn á 1100 krónur en hann samanstóð af timburhúsi í smíðum úr fremur lélegu efni, 4,4 x 6,9 m metið á 500 krónur, hlaða fyrir 250 hesta metin á 300 krónur, fjós fyrir tólf nautgripi (sumarfjós) metið á 160 krónur, hesthús fyrir fimm hross metið á 40 krónur. Jarðabætur voru metnar á 300 krónur og heildarmat var því um 6000.²⁵

²⁴ ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916 - Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukur-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 20. des 2017

²⁵ Þskj: Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1919 með athugasemdum frá 1930, 102.



Mynd 5. Horft frá gamla bæjarstæðinu í suðsuðvestur að því nýja árið 1980.²⁶

Björn Bjarnason segir svo í riti sínu Sagnir, ljóð o.fl. frá 1931.

Úlfarsá (áður Kálfakot). Þar bjó lengi Guðm. Jónsson á síðari hluta 19. aldar. Síðan hafa ýmsir búið þar, sumir eigendur, þar á meðal Margrét (Tómasd.) Zoega. Hún færði bæinn, er var ofarlega í túni, á lítinn bala neðst í því. Byggði þar timburh. og leiddi vatn inn. Það hús var síðar rífið, og byggt annað minna. Síðar var annað íbúðarhús byggt við það, en eldra húsið gert að geymslu. Fjós og hlaða er nú steipt. Eig. + ábúandi nú Jón Guðnason hefur gert nýrækt allmikla. Túnið að mestu sléttað. Var 3 kúa tún, nú 10-12. Talsvert sauðfé. Girðingar miklar.²⁷

Ljóst er af þessum lýsingum að staðsetning bæjarins hefur ekki verið samfelld á einum bæjarhól. Bærinn var að hluta færður um 1916 þar sem síðar var steipt hús á Úlfarsá.²⁸ Þar byggði Margrét Zoega fyrst 1915 það hús var síðan rífið og nýtt í byggingu 1918 þegar úttektin fór fram, sjá hér að framan, sama ár létust hjónin Jón Kristjánsson lagaprófessor og kona hans Þórdís T. Benedikts. Jörðin var síðan auglýst til sölu í desember 1918 metin á 12,2 hr. að dýrleika og átti að seljast hvort sem er með eða án áhafnar. Þá virðist ekki hafa fundist kaupandi, því jörðin var boðin upp 8. maí árið eftir og þá eru þar 6 kúr 25 kindur, 2 vagn hestar og 6 hænsni auk vagna, plóga, herfis, reipa og annarra húsmuna.²⁹

Jón Guðnason og Jóna Þorbjarnardóttir bjuggu á Úlfarsá frá 1927-1944 og byggðu þau upp jörðina. Árið 1930 var búið að byggja tvö íbúðarhús annað úr timbri en hitt steipt, auk steiptar hlöðu og fjóss. Vatnleiðsla lá heim að bænum og búið að stækka túnin frá fyrra mati. Fjánhús var á jörðinni auk þess sem búið var að ryðja bílfæra braut að bæjarstæðinu.³⁰ Úlfarsá var í ábúð til ársins 1953.

Á árunum 1948-50 fékk Atvinnudeild Háskólans að gera ræktunartilraunir á Úlfarsá og var dr. Áskell Löve þar fremstur í flokki með ræktun, t.d. á jarðaberjum, eplatrjám ásamt 97 afbrigðum af kartöflum.³¹

²⁶ Mynd Guðmundur Ólafsson Þjóðminjasafn Íslands, 1980.

²⁷ Björn Bjarnason: Sagnir, ljóð o.fl. III, 2.

²⁸ ÞÍ. Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1918, með athugasemdum frá 1930, 102.

²⁹ Morgunblaðið 9. maí. 1919.

³⁰ ÞÍ. Fasteignamatsbók Kjósarsýslu 1918, með athugasemdum frá 1930, 102.


³¹ *Tíminn* 27. maí 1948, 1.

Upp úr 1950 var farið að huga að byggingu fyrir drykkjumannahæli í nágrenni Reykjavíkur og árið 1979 var Gæsluvistarsjóður orðinn eigandi Úlfarsár. Jörðin var þá nýtt sem útibú frá Kleppspítala og var drykkjumannahæli þar til ársins 1962. Gestur Björnsson forráðamaður vistheimilisins var skráður fyrir nokkrum skepnum á jörðinni 1980.³²

Jörðin tilheyrði Mosfellssveit til ársins 2001, þegar sveitafélagsmörkum var breitt.³³ Uppbygging á íbúðahverfi innan jarðamarka Úlfarsár hófst í kjölfar samþykktar á deiliskipulags fyrir Úlfarsárdal árið 2006.³⁴

2. Saga Lambhaga - 181178-259

Lambhagi telst vera hluti af víðáttumiklu landnámi Ingólfs Arnarsonar en hann nam land milli Ölfusár og Hvalfjarðar fyrir utan Brynjudalsá. Samkvæmt þessu hefur landnám Ingólfs náð yfir alla Gullbringu- og Kjósarsýslu, ef frá er talið svæðið sem liggur milli Brynjudalsár og Botnsár, og Árnassýslu vestan við Ölfusá.³⁵ Ingólfur gaf svo vinum og vandamönnum, er síðar komu, hluta af landnámi sínu.³⁶ Svæðið sem Lambhagi tilheyrir var því síðar land Þórðar skeggja Hrapssonar en hann hafði fyrst numið land austur í Lóni og búið þar í um tíu ár. Þegar Þórður skeggi frétti að öndvegissúlur hans hafði rekið á land í Leiruvogi seldi hann land sitt Úlfjóti sem þekktur var fyrir að hafa komið með lögin til Íslands. Þórður flutti svo suður og settist að, með ráði Ingólfs, á svæðinu milli Úlfarsár og Leiruvogs.³⁷



Mynd 6. Túnakort Lambhaga frá árinu 1916 teiknað af Vigfúsi Guðmundssyni frá Keldum³⁸

³² Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forða gæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði.

³³ Morgunblaðið 2.03.2001, 71.

³⁴ <http://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/>

³⁵ Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, 8.

³⁶ Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, 9.

³⁷ Guðni Jónsson: „Landnám Ingólfs“, 16.

³⁸ ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916.

Finna má nafn jarðarinnar í skrá, sem er tímasett frá 1395, um jarðir þær sem fóru undir Viðeyjarklaustur eftir að Páll ábóti kom til Viðeyjar.³⁹ Virðist Lambhagi hafa „orðið eign Viðeyjarklausturs á tímabilinu 1378-1395 og konungseign við siðbreytingu.“⁴⁰

Lambhagi er nefndur í fúgetareikningi frá 1547-1548 en þar stendur að með Lambhaga hafi verið fimm leigukjör og landskyld 15 aurar.⁴¹ Aftur kemur Lambhagi fyrir í fúgetareikningum 1548-1549, 1549-1550, 1550 og 1552 með sömu leigukjörum og landskuldum.⁴² Í hlutabók eða sjávarútgerðarreikningi Eggerts fúgeta Hannessonar sem tímasett hefur verið milli 1551 og 1552 stendur „Item solde iegh Herman ij Lambagh aff thet wernningsklede ij alnne for xiiij fiske.“⁴³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir að jörðin sé konungsjörð, landskuld sé 1xl álnir og skal greiða með fríðu, „hvör ær á xviiij alin og sauðir ut supra heim til Bessastaða eður Viðeyjar hvort sem tilsagt er.“ Ábúandinn sem var einn, skyldi halda við húsunum. Leigukúgildi voru fjögur og skyldu greidd með smjöri til Bessastaða eða Viðeyjar en ábúandanum bar að sjá um að „uppýngja“ kúgildin. Kvaðir voru þær sömu og á Kálfakoti en þar segir að allar kvaðir væru eins og á Reynisvatni að hestláni undanskildu þar sem ábúendur væru svo fátækir að þeir ættu „annaðhvort öngvan hest eður einn, og hann lítt eður ekki færán, og fóður minnst menn ei að verið hafi kýr að fullu.“ Við Reynisvatn segir aftur á móti að kvaðir væru lán á manni um vertíð en hægt var að komast undan því með því að borga „fiskavætt“. Einnig skyldi lána hest til alþingis ár hvert og nokkrum sinnum þar fyrir utan fyrir ýmis erindi.

Dagslættir í Viðey tveir, leysast með 10 fiskum í kaupstað hvor. Hríshestar tveir, leysist með 5 fiskum í kaupstað hvor um sig. Deigulmór til Bessastaða einn eður tvo hesta, stundum hvört ár, stundum annaðhvort. Torfskurður til eldiviðar ... Að flytja lax frá Elliðaám til Bessastaða, þá veiði var mikil, ljæt bóndinn mann og hest með kláfum, reipum og reiðskap; síðan laxveiðin minkaði hefur þessi kvöð aldrei kölluð verið, og ekki í hennar stað og ekki eldiviðar torfskurður í næstu tvö ár.⁴⁴

Aðrar kvaðir voru nokkuð mismunandi eftir því hver var í embætti. Á Lambhaga var útigangur talinn mjög slæmur og „verður hestum á vetrardag burt að koma.“ Kvíkfénaður var sex kýr, tvö naut tvævetur, tvær kvígur veturgamlar, átta ær, þrír sauðir tvævetur, tveir þrívetur og átta veturgamlir, átta lömb, einn hestur, tvö hross, tveir folar, annar tvævetur, annar þrívetur. Talið er að þarna geti fóðrast sex kýr og átta lömb. Heimilismenn eru átta. „Mótak brúkar jörðin til eldiviðar nægilegt.“ Vatnsból var talið stórerfitt um vetur og mjög snjóasamt. Landþröng. Jörðin hafði selstöðu að fornu í Stardal.⁴⁵ Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1846 var Lambhagi konungsjörð en dýrleiki var metinn á 15 hundruð, landskuld var 0,90 og kúgildi fjögur. Ábúandi var einn leiguliði.⁴⁶

³⁹ Íslenzkt fornbréfasafn, III, 598.

⁴⁰ Páll Lindal, *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, bindi 2, 109.

⁴¹ Íslenzkt fornbréfasafn, XII, 111-112.

⁴² Íslenzkt fornbréfasafn, XII, 138, 153, 172-173, 398.

⁴³ Íslenzkt fornbréfasafn, XII, 433.

⁴⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*, 292-295.

⁴⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók III*, 292-295.

⁴⁶ J. Johnsen: *Jarðatal*, 96.



Mynd 7. Mynd af bænum Lambhaga eftir aldamótin 1900.⁴⁷

Samkvæmt manntölum frá árinu 1703 til 1910 bjuggu í Kálfakoti oftast tvær fjölskyldur frá 1703 til 1910, fæstar fimm manneskjur en flestar ellefu.⁴⁸

Túnakort var gert af jörðinni Lambhaga árið 1916, af Vigfúsi Guðmundsyni frá Keldum, sjá mynd 6.⁴⁹ Aðalbærinn er á miðju kortinu undir melholti og samanstendur hann af sjö húsum sem hafa verið að hluta til timburhús og snúa fjögur þeirra í suðvestur á hlaðinu en þrjú torfhús með standþili standa stök og snúa í vestur. Stór kálgarður er vestan í hallanum frá bænum, bæjartröðin lá í norður frá bænum. Austur af bænum voru síðan tvö útihús, annað þriggja hólfa torfhús með standþili en hitt lítið og að hluta tóft. Jaðar túnsins er markaður en einungis hefur verið hlaðinn túngarður í norðaustur frá bústaðnum en auk þess var girðing utan um túnið. Túnið telst vera 3,7 teigar (hektarar) og er meira en helmingur sléttaður á síðustu árum og kálgarðar hafa verið um 1.100m².

Um aldamótin bjó á Lambhaga Kári Loftsson en „í hans tíð brann nokkuð af bænum, og var þá breytt húsaskipan, gerður timburbær járnvarinn. Er sú bygging notuð enn, þó léleg sé“ skrifar Björn Bjarnason árið 1931.⁵⁰

Thor Jensen keypti jörðina árið 1925 af ríkissjóði fyrir 20.000 krónur og nýtti þann hluta jarðarinnar sem var norðan þjóðveggar fyrir Korpúlfsstaði. Þegar Reykjavíkurbær keypti Korpúlfsstaði árið 1942 af Thor Jensen fylgdu nokkrar jarðir í hans eigu með í kaupunum, þar á meðal Lambhagi. Þetta svæði varð svo formlega hluti af Reykjavík árið 1943.⁵¹

⁴⁷ Ljósmynd EFR 2594, Ljósmyndasafn Reykjavíkur.


⁴⁸ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, sótt 21.5.2017.

⁴⁹ ÞÍ: Kálfakot. Túnakort 1916.


⁵⁰ Björn Bjarnason: Sagnir, ljóð o.fl. III, 2.

⁵¹ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, bindi 2, 105, 109. - Björn Bjarnason: Sagnir, ljóð o.fl. III, 2.

Á Lambhaga hefur búskapur líklega lagst af eftir að Sigurður Guðnason flytur þaðan um 1935, a.m.k. er einungis rústir þar að finna árið 1945 þegar Benedikt Gunnarsson teiknar upp kort af hluta jarðarinnar.⁵²



Mynd 8. Kort af túni og rústum í Lambhaga árið 1945.⁵³



Mynd 9. Túnakort Lambhaga frá 1916 varpað á loftmyndir frá árinu 2017 og fornleifarnar merktar inn.⁵⁴


⁵² Örnefnaskrá Lambhaga í Kjósarsýslu. Athugasemdir og viðbætur Sigurðar Guðnasonar við handrit Ara Gíslasonar. – Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, rafrænt afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.

⁵³ Lambhagi í Mosfellssveit. Kort gert af Benedikt Gunnarssyni. Desember 1945. Varðveitt hjá Mælingadeild Reykjavíkurborgar, rafrænt afrit Borgarsögusafn Reykjavíkur.


3 Úlfarsárdalur á hernámsárunum

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar voru umsvif hernámliðsins töluverð í Úlfarsárdal að norðanverðu.

Þrjú braggahverfi risu innan landamerkja Lambhaga og Úlfarsár en þau hétu Belvoir, áður Montezuma, South Belvoir og Tientsin, Belvoir var fjölmennast eða um 1100 manna búðir þær voru á Lambhagamelum, en Tientsin var suður að Leirtjörn (Tientsin Lake).⁵⁵



Mynd 10. Kort breska hersins af svæðinu árið 1941.⁵⁶



Mynd 11. Ummerki um veru hernámliðsins eru í norðanverðum Úlfarsárdal sem sjá má á loftmynd frá 1946. Rauða brotalínan sýnir afmörkun deiliskipulags Úlfarsárdals.⁵⁷

⁵⁴ ÞÍ: Lambhagi. Túnakort 1916 - Loftmyndir úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 20. des 2017.

⁵⁵ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, 124-125.

⁵⁶ Borgarsögusafn: Kortasafn. Kort af Reykjavík 1943 (hluti), merkt „Geographical Section, General Staff, no. 4186. From a map by 19th Field Survey Coy., R.E., 1941“. Gefið út af „War Office“ 1941. Prentað eintak. Sjá: Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb> → Söfn: Minjasafn Reykjavíkur → [Leitarorð: 1943](#).

⁵⁷ LÍ: Loftmynd frá árinu 1946, AMS 9100072130.

4. Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu.⁵⁸ Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirætlum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlöng þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

⁵⁸ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní, Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingaarfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja, þar á meðal fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

5. Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar.

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2017) eru um 3000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn.⁵⁹ Minjar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847 og þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar. *Á því rannsóknarsvæði sem hér um ræðir eru skráðar minjar í landi Lambhaga (181178-259) og Úlfarsá (123799-258).*

Við skráningu minja jarðarinnar er rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem vettvangsskoðun fer fram. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna seinni tíma framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Við skráningu menningarminja eru sögu jarðarinnar gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (strekkt) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar, ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.⁶⁰ Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

⁵⁹ *Sarpur* er menningasögulegur gagnagrunnur, þar er að finna alla fornleifaskráningu fyrir Reykjavík sjá: sarpur.is

⁶⁰ Vefur Borgarvefsjáin. Vefslóð: <http://borgarvefsja.is>.

Tafla 1 Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1916-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

6. Örnefni og landmerki

Örnefnum í landi Úlfarsár og Lambhaga eru gerð skil í fimm örnefnalýsingum. Fyrst ber að nefna skrá eftir Ara Gíslason fyrir báðar jarðirnar ⁶¹ og hinar fjórar eftir Svavar Sigmundsson sem eru athugasemdir við skrá Ara, heimildarmenn voru þar Jóna Þorbjarnardóttir og Jón Guðnason fyrir Úlfarsá en Sigurður Guðnason, Guðríður Káradóttir og Guðmundur Símon Guðmundsson voru heimildarmenn fyrir Lambhaga. ⁶² Auk þess sem örnefnaskrá Úlfarsfells og Reynisvatns voru notaðar. ⁶³

Til er landamerkjaskrá síðan 1886 yfir jörðina Kálfakot sem þá áttu Jóns Péturssonar „háyfirdómari“ og Tómasar Hallgrímssonar „læknaskólakennari“ í Reykjavík, hún er afrit af eldri skrá síðan 17. mars 1882 en jörðin átti mörk á móti Lambhaga, Lágafelli, Úlfmannsfell og Reynisvatni, og er talið að þau hafi verið á þessa leið frá ómunatíð. ⁶⁴

